

Stjórnarskrárnefnd

Sent á netfang: postur@for.is

Dags. 10. mars 2016

Umsögn um drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaga – þjóðaratkvæði

Undirrituð samtök, Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, („Landvernd“)¹, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, veita á þessu stigi máls eftirfarandi umsögn um drög stjórnarskrárnefndar að frumvarpi til stjórnskipunarlaga dags. 19. febrúar 2016.

Stjórn Landverndar þakkar fyrir það tækifæri að koma á fyrstu stigum að athugsemdum um frumvarpsdrögin, þó nokkuð skorti að mati samtakanna á að sá tímarammi sem skapaður er sé í samræmi við tilefnið. Landvernd sýnist það nokkuð metnaðarfull áætlun hjá nefndinni sem fram kemur í kynningu, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi og hljóti þar afgreiðslu á þessu vörþingi.

Landvernd lítur svo á að tillögurnar séu í mótun. Á þessu stigi hefur stjórn Landverndar eftirfarandi athugsemdir við frumvarpsdrög um þjóðaratkvæði.

(1) Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að stjórnarskrá tryggi það að unnt sé að krefjast þjóðaratkvæðis um ályktanir Alþingis sem hafa réttaráhrif eða fela í sér mikilvæga stefnumörkun, án þess að til þurfi að koma sérstök lagasetning með samþykki 2/3 hluta Alþingis. Landvernd vísar hér einkum til mikilvægra stefnumótandi áætlana á landsvísu sem mikil áhrif kunna að hafa á umhverfið, svo sem samgönguáætlun, rammaáætlun og byggðaáætlun.

Stjórn Landverndar telur að bæta eigi við 2. mgr. ákvæði er tryggi rétt kjósenda til þjóðaratkvæðis um slíkar mikilvægar ályktanir er hafa réttaráhrif og varða mikilvæg málefni til þjóðarinnar, á sama hátt og ályktana skv. 21. gr. stjórnarskrár um þjóðréttarsamninga. Landvernd minni á, að aðragandi stjórnaskrárbreytinga að þessu sinni sýni skýran og afráttarlausan vilja þjóðarinnar til annars vegar verndar náttúru og hinsvegar þjóðaratkvæðis að frumkvæði kjósenda. Landvernd telur það í samræmi við

¹ Landvernd eru umhverfisverndarsamtök. Meginhlutverk samtakanna er verndun íslenskrar náttúru og umhverfis. Samtökin eru virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum sem varða landnotkun, auðlindir og umhverfi, ekki síst á miðhálandi Íslands. Félagsmenn í Landvernd eru nú um 4700 talsins. Samtökin eru opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Þann þjóðarvilja að stjórnarskrá tryggi rétt kjósenda til að krefjast þjóðaratkvæðis um mikilvægar stefnumarkandi ályktanir er varða svo mikilvæg málefni þjóðarinnar sem vernd náttúrunnar.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri

Sif Konráðsdóttir, hrl.